
VESTURBAKKI

Þakíbúðir

Perla við sjávarsíðuna á Kársnesinu



Nóvember 2026



Velkomin á Vesturbakka

Á Vesturbakka rísa 118 vandaðar eignir þar sem rík áhersla er lögð á fágaðan arkitektúr, tímalausa hönnun og nútímaþægindi, fyrir þau sem vilja aukin lífsgæði og fallega sjávarsýn.

Íbúðirnar eru fjölbreyttar og einkennast af vönduðu efnisvali og vel útfærðu skipulagi. Alrými þeirra eru björt og rúmgóð og skapa aðlaðandi umgjörð um daglegt líf og samveru með fjölskyldu og vinum. Þetta eru heimili sem veita sannan griðastað innandyra sem utan.

Í hjarta byggðarinnar er skjólgóður inngarður og til suðurs tekur við hafnarsvæði Kársness sem er í umbreytingu, en þar munu mannlíf og náttúra mætast.

Miðja höfuðborgarsvæðisins

Vesturbakki stendur við Kársneshöfn, þar sem spennandi framtíðarsýn Kópavogsbæjar er að taka á sig mynd. Skipulag svæðisins gerir meðal annars ráð fyrir veitingastað og aðstöðu til sjósunds sem munu glæða höfnina lífi. Fyrir framan Vesturbakka er gert ráð fyrir bryggju- og hafnaraðstöðu, sem veitir siglingaáhugafólki einstakt tækifæri til að hafa bát sinn við bryggju.

Staðsetningin á Kársnesinu sameinar nálægð við náttúruna og fjölbreytta þjónustu. Með tilkomu Fossvogsbrúarinnar styrkist tengingin við Reykjavík enn frekar og greið leið opnast að miðborginni, háskólasvæðunum og útivistarparadísinni í Nauthólsvík.



Sérsniðnar þakíbúðir

Þakíbúðirnar bjóða upp á fjölbreyttar útfærslur sem gerir kaupendum kleift að móta heimili sitt eftir eigin höfði.

Meðal möguleika eru íbúðir með glæsilegum hjónasvítum þar sem fataherbergi og sérbaðherbergi skapa aukin þægindi og næði.

Íbúðirnar njóta aukinnar lofthæðar og rúmgóðra þaksvala. Í völdum íbúðum er einnig möguleiki á frístundaskúr, eldstæði og heitum potti, sem skapar enn fleiri tækifæri til að njóta heimilisins og útisvæðanna allt árið um kring.

Vönduð umgjörð og innivist

Þægindi og góð innivist eru í fyrirrúmi í hönnun byggingana, þar sem valin eru vönduð byggingarefni sem tryggja heilnæmt og nærandi umhverfi.

Allar íbúðirnar eru búnar sérstöku loftræstikerfi sem stuðlar að góðum loftgæðum og þægilegu innilofti. Rýmin eru björt og notaleg þökk sé gólfhita og stórum gluggum.

Íbúðirnar á Vesturbakka verða almennt útfærðar eftir tveimur hönnunarþemum sem nefnast Ylur og Steinn. Innréttingar verða frá Parka og Voke III.





Heimilistæki

Vönduð heimilistæki frá Siemens fylgja öllum íbúðum.

- Helluborð með innbyggðri viftu og þráðlausri stýringu.
- Sambyggðir baksturs- og örbylgjuofnar.
- Frystiskápar og vínkælar í völdum íbúðum.

Íbúðirnar verða búnar snjöllu hússtjórnunarkerfi frá Free@home sem gerir íbúum kleift að stýra hitastigi, lýsingu, gardínum og fleiru á einfaldan hátt. Tæknimaður sér um uppsetningu kerfisins í hverri íbúð og leiðbeinir íbúum um notkun þess. Hefðbundnir rofar eru einnig til staðar.

Stórbrotið útsýni

Íbúðirnar á efri hæðum njóta rúmgóðra svala, en á efstu hæðum eru þakgarðar með stórbrotnu útsýni til fjalla og yfir hafið. Frá íbúðunum blasir við útsýni til Bláfjalla og Bessastaða, auk víðáttumikils landslags höfuðborgarsvæðisins.





Næg bílastæði

Langflestar íbúðir fá úthlutað sérmerkt bílastæði í bílakjallara sem hýsir alls 103 bíla. Að auki eru 56 bílastæði á lóðinni, þar af sex ætluð hreyfihömluðum.

Á Vesturbakka verða 11 frístundaskúrar sem má nýta á fjölbreyttan hátt, en þeir eru séreign.

Skjólgóður inngarður

Byggðin rís hæst til norðurs en lækkar til suðurs, sem tryggir að sólarljós nýtist sem best og birtan flæðir inn í flest rými byggingana. Inngarðurinn verður grænn og skjólgóður dvalarstaður sem skapar notalega umgjörð fyrir íbúa.

Sumar íbúðir á jarðhæð njóta jafnframt sérafnotareita sem tengja heimilin við útisvæðið.





Frístundaklúbburinn


Við Vesturbakka mun frístundaklúbbur færa þér hreyfingu, slökun og afþreyingu nær heimilinu. Á 1. hæð má finna sameiginlega aðstöðu fyrir alla íbúa.

Slökun við sjávarsíðuna

Íbúar geta slakað á, notið samveru og endurnærst með útsýni yfir Reykjanesið, Keili og sjávarsíðuna í slökunaraðstöðu búinni heitum og köldum potti ásamt gufu.

Hreyfing og vellíðan

Líkamsræktaraðstaðan mun bjóða upp á þægilegt umhverfi til að stunda reglulega hreyfingu. Þar verða hlaupabretti, þrekhjól, lóð og annar búnaður til styrktar- og þolþjálfunar.





Fjölbreytt afþreying

Á Vesturbakka þarf hvorki að bíða eftir vorinu né rétta veðrinu til að taka fram kylfurnar. Golfhermir gefur íbúum kost á að æfa sveifluna, halda sér við efnið yfir vetrarmánuðina eða njóta leiks í góðum félagsskap. Hér er einnig hægt að skora á nágrannann í borðtennis, billjard eða hitta vini yfir pílukasti.

Frístundaklúbburinn eykur lífsgæði og hér verður alltaf stutt í skemmtilega tilbreytingu frá hversdagsleikanum.

Íbúð 501

Bakkabraut 9





Íbúð 501 er útsýnisíbúð á efstu hæð með íburðarmiklum þaksvölum sem gera hana að einstökum griðastað innandyra sem utan. Íbúðin skiptist í alrými sem hentar jafnt til daglegs lífs og móttöku gesta og huggulega svefnherbergisálmu.

Alrýmið er bjart og glæsilegt með samliggjandi stofu, setustofu þar sem möguleiki er á að setja upp arin, borðstofu og eldhúsi með eyju, auk víngeymslu og búrs. Úr alrýminu er útgengt á rúmgóðar suðvestursvalir með sjávarsýn.

Í svefnherbergisálmunni eru þrjú rúmgóð svefnherbergi ásamt sjónvarpsstofu. Hjónasvítan er með innangengu fataherbergi, sérbaðherbergi og útgengi á austursvalir sem njóta morgunsólar. Íbúðin er jafnframt búin sérþvottahúsi, öðru baðherbergi og gestasnyrtingu.

Hæð	5. hæð
Þema	Val
Herb.	4
Birt stærð	271,3 m²
Þar af geymsla	43,1 m²
Bílastæði nr.	B87 & B88
Þaksvalir	71,2 m²
Þaksvalir 2	10,3 m²
Frístundaskúr	0011
Eldstæði	1
Möguleiki á heitum potti	Já
Verð	410.000.000 kr.



Glæsileg horníbúð á einum besta stað á efstu hæð.

Íburðarmiklar þaksvalir með sjávarsýn þar sem gert er ráð fyrir heitum potti.

Íbúðinni fylgja tvö stæði í bílakjallara auk frístundaskúrs.





Íbúð 419

Bakkabraut 19B



Glæsileg tveggja hæða þakíbúð með stórkostlegri lofthæð. Íbúðin er björt með rúmgóðum þaksvölum til austurs sem skapa einstaka tengingu milli inni- og útirýma.

Gengið er inn í íbúðina á neðri hæð um forstofu með góðu skápaplássi. Á neðri hæð eru þrjú stór svefnherbergi, þar á meðal glæsileg hjónasvíta með fataherbergi og sérbaðherbergi. Einnig er setustofa sem hentar vel til samveru eða sem sjónvarpsrými, auk annars baðherbergis og sérþvottahúss.

Efri hæðin er vel skipulögð með björtu alrými þar sem rúmgott eldhús með eyju, borðstofa og stofa mynda glæsilegt samliggjandi rými sem hentar jafnt til daglegs lífs og móttöku gesta. Mögulegt er að setja upp arin í stofuna og heitan pott á svalirnar sem eykur sérstöðu útisvæðisins.

Hæð	4. hæð
Þema	Val
Herb.	4
Birt stærð	240,5 m²
Þar af geymsla	32,3 m²
Bílastæði nr.	B63 & B64
Svalir	11,9 m²
Þaksvalir	60,7 m²
Frístundaskúr	0007
Eldstæði	1
Möguleiki á heitum potti	Já
Verð	350.000.000 kr.

Efri hæð



Neðri hæð



Íbúð 502

Bakkabraut 9




Hæð	5. hæð
Þema	Val
Herb.	4
Birt stærð	267,4 m²
Þar af geymsla	42,9 m²
Bílastæði nr.	B44 & B45
Þaksvalir	33,3 m²
Þaksvalir 2	8,8 m²
Frístundaskúr	0003
Eldstæði	1
Möguleiki á heitum potti	Já
Verð	340.000.000 kr.

Afar glæsileg og rúmgóð útsýnisþakíbúð sem skiptist í stórt alrými og svefnherbergisálmu.

Alrýmið hentar vel til móttöku gesta með samliggjandi stofu, borðstofu og eldhúsi með eyju. Úr björtu alrými er útgengt á rúmgóðar þaksvalir til norðvesturs með sjávarsýn.

Svefnherbergisálman er búin þremur svefnherbergjum auk sjónvarpsstofu. Hjónasvítan er búin tveimur fataherbergjum og þaksvölum auk baðherbergis. Íbúðin er búin sérþvottahúsi, baðherbergi og gestasnyrtingu.



Íbúð 503
Bakkabraut 11



Glæsileg og rúmgóð útsýnisþakíbúð með aukinni lofthæð og veglegum þaksvölum sem bjóða upp á einstakan griðastað utandyra.

Eignin skiptist í forstofu með miklu skápaplássi, rúmgóða stofu með möguleika á arni, sjónvarpsstofu, borðstofu, víngeymslu og eldhús með eyju í opnu rými. Rýmið hentar jafnt til daglegs lífs sem móttöku gesta. Úr alrými er útgengt á suðurþaksvalir með sjávarsýn, með möguleika á heitum potti.

Tvö rúmgóð svefnherbergi eru í íbúðinni með fataherbergjum, hjónasvítan er að auki með innangengu baðherbergi og hægt er að ganga beint út á þaksvalirnar. Íbúðin er jafnframt búin sérþvottahúsi, öðru baðherbergi og búri.

Hæð	5. hæð
Þema	Val
Herb.	3
Birt stærð	205,9 m²
Þar af geymsla	43,2 m²
Bílastæði nr.	B19 & B20
Svalir	14,8 m²
Þaksvalir	62,5 m²
Frístundaskúr	0001
Eldstæði	1
Möguleiki á heitum potti	Já
Verð	300.000.000 kr.



Íbúð 504
Bakkabraut 11




Afar glæsileg og björt útsýnisþakíbúð með stóraukinni lofthæð og veglegum þaksvölum sem bjóða upp á einstakan griðastað utandyra.

Eignin skiptist í forstofu með fataskápum, rúmgóða stofu með möguleika á arni, sjónvarpskrók, borðstofu og eldhús með eyju í opnu rými. Rýmið hentar jafnt til daglegs lífs sem móttöku gesta. Úr alrými er útgengt á þaksvalir með sjávarsýn sem nær frá suðvestri til norðausturs. Gert er ráð fyrir heitum potti á svölum.

Íbúðin er búin þremur svefnherbergjum, þar á meðal hjónasvítu með innangengu fataherbergi og baðherbergi með útgengi á þaksvalir. Íbúðin er einnig búin sérþvottahúsi, öðru baðherbergi, víngeymslu og búri.

Hæð	5. hæð
Þema	Val
Herb.	4
Birt stærð	179,9 m²
Þar af geymsla	12,6 m²
Bílastæði nr.	B15 & B16
Þaksvalir	108 m²
Eldstæði	1
Mörgulieki á potti	Já
Verð	260.000.000 kr.



Íbúð 505
Bakkabraut 13A



Glæsileg útsýnisþakíbúð með tvennum svölum, einum til suðvesturs og öðrum til austurs. Íbúðin einkennist af björtum, opnum rýmum með aukinni lofthæð og fallegu flæði milli rýma.

Eignin skiptist í forstofu, rúmgott alrými með stofu, sjónvarpskrók, borðstofu og eldhús með eyju, góðu vinnuplássi og miklu skápaplássi. Stórir gluggar tryggja mikla birtu og stórbrotið útsýni. Úr alrými er útgengt á suðvestursvalir.

Íbúðin er búin rúmgóðri hjónasvítu með innangengu fata- og baðherbergi. Jafnframt er annað rúmgott svefnherbergi, baðherbergi og sérþvottahús innan íbúðar.

Hæð	5. hæð
Þema	Val
Herb.	3
Birt stærð	132,5 m²
Þar af geymsla	9 m²
Bílastæði nr.	B30
Svalir	9,3 m²
Svalir 2	6,4 m²
Verð	180.000.000 kr.



Íbúð 506
Bakkabraut 13A




Afar glæsileg og rúmgóð þakíbúð með stórkostlegu útsýni yfir höfuðborgina og Esjuna, stóraukinni lofthæð og þrennum svölum.

Íbúðin er vel skipulögð með björtu og opnu alrými þar sem eldhús, sjónvarpskrókur, borðstofa og stofa mynda fallegt samliggjandi rými sem hentar jafnt til daglegs lífs og móttöku gesta. Eldhúsið er með eyju og góðu vinnuplássi. Þaðan er útgengt á svalir sem gera ráð fyrir heitum potti. Frá stofu er svo útgengt á svalir sem snúa í norður. Stórir gluggar fylla rýmið af dagsbirtu og tengja innirými á glæsilegan hátt.

Íbúðin er búin þremur svefnherbergjum, þar á meðal hjónasvítu með innangengu fataherbergi, snyrtingu auk baðherbergis þaðan sem útgengt er á þaksvalir. Íbúðin skartar jafnframt sérþvottahúsi, öðru baðherbergi og gestasnyrtingu.

Hæð	5. hæð
Þema	Val
Herb.	3
Birt stærð	228,1 m²
Þar af geymsla	29,6 m²
Bílastæði nr.	B26 & B27
Svalir	30 m²
Svalir 2	12,2 m²
Þaksvalir	16,8 m²
Frístundaskúr	0002
Möguleiki á heitum potti	Já
Verð	300.000.000 kr.



Íbúð 507
Bakkabraut 13B



Glæsileg þakíbúð með einstöku útsýni til allra átta. Íbúðin einkennist af björtum og opnum rýmum, aukinni lofthæð og stórum gluggum sem njóta birtu og útsýnis til fulls.

Alrýmið sameinar stofu, borðstofu og eldhús í glæsilega heild með góðu flæði milli rýma. Eldhúsið er með stórri eyju, góðu vinnuplássi og miklu skápaplássi. Úr alrými er útgengt á rúmgóðar suðurþaksvalir sem skapa skemmtilegt útisvæði með fallegu útsýni og góðum sólskilyrðum. Möguleiki er á að setja upp heitan pott á svalir og arin í stofu.

Íbúðin er búin tveimur svefnherbergjum. Hjónasvítan er í sérálmu með tveimur fatarýmum og innangengu rúmgóðu baðherbergi þar sem hægt er að ganga út á aðrar suðurþaksvalir. Hitt svefnherbergið er við alrýmið og er rúmgott. Þaðan er útgengt á sérsvalir með sjávarsýn til vesturs. Jafnframt er sjónvarpsstofa sem býður upp á fjölbreytta nýtingarmöguleika, annað baðherbergi og sérþvottahús og góð forstofa innan íbúðar.

Hæð	5. hæð
Þema	Val
Herb.	3
Birt stærð	175,8 m²
Þar af geymsla	8,9 m²
Bílastæði nr.	B32 & B33
Svalir	9,6 m²
Svalir 2	9,3 m²
Þaksvalir	24,2 m²
Þaksvalir 2	23,5 m²
Eldstæði	1
Möguleiki á heitum potti	Já
Verð	290.000.000 kr.



Íbúð 508
Bakkabraut 21A



Afar glæsileg útsýnisþakíbúð þar sem ríkuleg birta, vandaður frágangur og stórbrotið sjávarútsýni njóta sín til fulls. Gólfsíðir gluggar fylla alrýmið af dagsbirtu og skapa fágað og hlýlegt andrúmsloft.

Alrými íbúðarinnar sameinar stofu, borðstofu og vandað eldhús í opnu og vel hönnuðu rými sem hentar jafnt til daglegs lífs og glæsilegrar móttöku gesta. Möguleiki er á uppsetningu arins. Úr rýminu er útgengt á rúmgóðar suðursvalir sem njóta sólar frá morgni fram á kvöld og einstaks útsýnis allan ársins hring.

Íbúðin skiptist í þrjú rúmgóð svefnherbergi, þar á meðal glæsilega hjónasvítu með fataherbergi og sérbaðherbergi. Auk þess eru tvö baðherbergi, sérþvottahús og falleg forstofa.

Hæð	5. hæð
Þema	Val
Herb.	4
Birt stærð	225,6 m²
Þar af geymsla	43,2 m²
Bílastæði nr.	B60 & B61
Þaksvalir	59,5 m²
Frístundaskúr	0006
Eldstæði	1
Möguleiki á heitum potti	Já
Verð	Seld



Íbúð 403


Bakkabraut 9



Eignin skiptist í anddyri með góðu skápaplássi, rúmgóða stofu, sjónvarpsstofu, vínherbergi, borðstofu og eldhús með eyju í björtu og opnu alrými sem hentar einstaklega vel til daglegs lífs og samveru með fjölskyldu og vinum. Frá stofunni er útgengt á rúmgóðar þaksvalir sem snúa til vesturs og bjóða upp á glæsilega útiaðstöðu þar sem er möguleiki á að setja heitan pott.

Íbúðin er búin þremur svefnherbergjum, þar á meðal er hjónasvíta með fataherbergi, sérbaðherbergi og útgengi á suðursvalir. Baðherbergi íbúðarinnar eru tvö, bæði með vönduðum innréttingum og góðri aðstöðu. Sérþvottahús er innan íbúðarinnar sem eykur þægindi í daglegu lífi.

Hæð	4. hæð
Þema	Val
Herb.	4
Birt stærð	283,2 m²
Þar af geymsla	47,8 m²
Bílastæði nr.	B81 & B82
Svalir	11,9 m²
Þaksvalir	61 m²
Fristundaskúr	0009
Eldstæði	1
Möguleiki á heitum potti	Já
Verð	320.000.000 kr.



Íbúð 420


Bakkabraut 21A



Rúmgóð horníbúð með þaksvölum til suðvesturs þar sem hægt er að njóta óhindraðs útsýnis. Eignin skiptist í forstofu með fataskápum, bjart alrými með rúmgóðri stofu, sjónvarpsstofu, borðstofu og eldhús með eyju. Möguleiki er á að setja upp arin í stofu og heitan pott á svalir.

Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni, þar á meðal hjónasvíta með innangengu fataherbergi og sérbaðherbergi. Þá er annað baðherbergi og sérþvottahús innan íbúðar.

Hæð	4. hæð
Þema	Val
Herb.	4
Birt stærð	226,9 m²
Þar af geymsla	40,1 m²
Bílastæði nr.	B58 & B59
Þaksvalir	67,1 m²
Fristundaskúr	0005
Eldstæði	1
Möguleiki á heitum potti	Já
Verð	340.000.000 kr.



Björn Skaptason

Arkitekt Vesturbakka
Innanhússhönnun atelier BS


Björn Skaptason, arkitekt húsanna við Vesturbakka, tók mið af umhverfi og staðsetningu byggingana við hönnun þeirra. Hann lagði ríka áherslu á að sem flestir gætu notið þess stórbrotna sjávarútsýnis sem staðsetningin býður upp á.

Innanhússhönnun verkefnisins byggir á rólegri og fágaðri efnisnotkun þar sem innblástur er sóttur í birtuna, hafflötinn og náttúrulegt yfirbragð strandarinnar. Markmiðið var að skapa björt og tímalaus rými sem veita hlýja og yfirvegaða upplifun. Ljóst yfirbragð skapar gott mótvægi við útlit bygginganna bæði gagnvart formi og efnisvali þeirra.

Innréttingar eru hannaðar í ljósgráum tónum með vandaðri áferð sem skapar stílhreint yfirbragð þar sem einfaldleiki og gæði fá að njóta sín. Heildaryfirbragðið er látlaust en sígilt, hannað til að eldast vel og skapa notalegt og vandað heimili við hafið.



Steinn



Sæja

Innanhússhönnun Sæja Interiors

Sæja Interiors hannar tillögur að innanhússhönnun á Vesturbakka eftir þema sem nefnist Ylur. Sæja nýtur þegar mikillar virðingar og hefur komið að fjölda glæsilegra verkefna.

Það sem einkennir verk Sæju eru andstæður þar sem ólíkum efnum og áferðum er fléttað saman við hreinar línur, og þar sem vönduð smáatriði og lýsing leika lykilhlutverk. Rýmin eru vel úthugsuð en um leið áreynslulaus og hlýleg, þau eldast vel og skapa heimili sem gott er að búa í.



Ylur




Næg bílastæði

Fallegar sameignir

Nágrennið

Þjónustukort



Einstök staðsetning

Kársnesið er staðsett á miðju höfuðborgarsvæðinu.
Við Kársneshöfn er nýtt og metnaðarfullt skipulag í kortunum.



Afþreying

Sky lagoon
Siglingafélagið Ýmir
Gerðasafn listasafn
Salurinn Kópavogi
Molinn miðstöð unga fólksins
Crossfit XY
Nauthólsvík
Íþróttahúsið Digranes
Náttúrufræðistofa Kópavogs
Reebok fitness
Skátafélagið Kópar
Skopp
Sporthúsið
Tennishöllin
Íþróttafélagið Breiðablik

Þjónusta

Kópavogssundlaug
Kópavogskirkja
SKINN Snyrtistofa
Bæjarskrifstofur
Heilsugæsla
Landsspítalinn Fossvogi
Sunnuhlíð
Digraneskirkja

Skólar

Kársnesskóli
Kópasteinn leikskóli
Leikskólinn Marbakki
Kópavogsskóli
Leikskólinn Urðarhóll
Menntaskólinn í Kópavogi
Tónlistaskóli Kópavogs

Veitingar

Brikk
Brasserie Kársnes
Mossley veitingastaður
Te og kaffi Hamraborg
Catalina Hamraborg
Subway
Cibo Amore
American style
Bragginn bistro
Brauð og co.
Pizzan
Dominos
Kínahofið
Nauthóll
Serrano
Indian foodbox
Kökuhúsið
Krónikan
Tokyo Sushi
Ísbúðin Yoyo

Verslanir

Bónus Nýbýlavegi
Krónan Hamraborg
SPAR
Fiska.is
Lyfja
Apótekarinn
Fiskbúðin Hófgerði
Fylgifiskar
Blómabúðin 18 rauðar rósir
Bylola
Antíkbúðin
Portið
Smáralind
N1
Atlandsolía
OB Hamraborg

Söluaðilar



Ómar Hvanndal Ólafsson
Löggiltur fasteignasali / Lögmaður
Omar@fastlind.is
832-3200



Lára Þyri Eggertsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lara@fastlind.is
899-3335



Berglind Hólm Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
Berglind@remax.is
694-4000



Þorsteinn Gíslason
Löggiltur fasteignasali
Steini@remax.is
694-4700



Matthildur Þorláksdóttir
Löggiltur fasteignasali
Matthildur@fstorg.is
690-4966



Margrét Rós Einarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Margret@fstorg.is
856-5858



Friðrik Þ. Stefánsson
Löggiltur fasteignasali / Lögmaður
Fridrik@miklaborg.is
616-1313



Friðjón Örn Magnússon
Löggiltur fasteignasali
Fridjon@miklaborg.is
692-2704

Finndu þitt heimili

www.vesturbakki.is



Tölvuteiknaðar myndir af svæðinu sýna hugmyndir hönnuða um vænt útlit fasteigna og nærumhverfis. Vinsamlegast athugið að endanlegt útlit gæti orðið frábrugðið þessum myndum þar sem breytingar geta orðið á hönnun, framkvæmdum og annarri útfærslu. Þá er hluti þess sem sýnt er á myndum utan framkvæmdasvæðis, og er hönnun og útfærsla þess svæðis því ekki á ábyrgð seljanda.

